

Áfengisfrumvarpið mars 2017

Margt er skrafað og skrifað um frumvarp, sem (eina ferðina enn) er til umfjöllunar á Alþingi Íslendinga til afnáms ríkiseinokunar á sölu áfengis. Íslendingar hafa öldum saman átt í alls konar sálar- og verslunarbasi með þetta vímuefni. Fjöldi manna og stofnana hafa viðrað viðhorf sín. Í Mbl 21. mars má lesa glefsur úr álitu ÁTVR. Þar segir m.a. forsvarsmaður einkasölnunar, að samfélagsleg ábyrgð sé grundvöllur starfseminnar. „Vilji stjórnvöld og íslenskt samfélag fylgja áfram þeirri aðhaldssömu áfengisstefnu sem ríkt hefur á Íslandi er mikilvægt að standa vörð um ríkiseinkasölnuna sem fjölda vísindarannsókna ber saman um að sé með skilvirkustu leiðum sem til eru til þess að draga úr áfengisneyslu og þar með þeim kostnaði og skaða sem misnotkun áfengis veldur í samfélaginu.“ Samkvæmt þessu ætti því enginn skaði að fylgja því, að ÁTVR seldi engum áfengi. En því er ekki að heilsa. Rannsóknanna er ekki getið, en trúlega er um að ræða gamlar lummur um skaðsemi óhófsneyslu og tölfræðileg tengsl millum framboðs og neyslu. Það er óumdeild alkunna, að hófsleysi í áfengisneyslu veldur skaða. Sömuleiðis er það líklegt, að betra aðgengi skapi meiri neyslu að óbreyttu. Það á við um flest það, er fólk gírnist. Hagræði af því að geta verslað sjálfsgöðan varning í einu lagi og í sömu búð, er enginn gaumur gefinn. Hvergi er minnst á jákvæða þætti hófsneyslu áfengis; gleði, vellíðan, lækningar, heilsubót og köpunarkraft. Það eru fjölmargar rannsóknir og margháttuð reynsla, sem benda til þess arna. (Því má til fróðleiks bæta við, að fornþjóð Kelta nefndi áfengi sitt (vísí) lífsins vatn, aðrar ákavíti (aqua vitae eða lífsins vatn)). Hvergi er heldur ýjað að því, að starfsmenn ÁTVR vilji tryggja atvinnuöryggi sitt. Nefnd aðhaldsstefna hefur tekið á sig spaugilegar myndir bæði hér á landi og annars staðar, þar sem fyrirmýnda er leitað; algjört bann við framleiðslu og sölu áfengis, minnka áfengismagn í algengum drykkjum, ríkiseinokun á sölu áfengis, takmörkum söludaga, takmörkun framboðs og svo fram eftir götunum. Spauglegastir voru þó tilburðir Færeyinga og Norðmanna. Í Færeyjum gátu þeir einir sótt um kaup á áfengi, sem greitt höfðu skatt sinn til ríkisins. Í Noregi þurftu kaupmenn að breiða yfir bjórstæðurnar klukkan þrjú á föstudögum. En allt hefur komið fyrir ekki. Fólk verður sér með einhverjum hætti út um áfengi, standi hugur til þess. Í grein Ögmundar Jónassonar, alþingismanns, í Mbl tveim dögum síðar, er slegið á sömu strengi: „Verslunarhagsmunir standa þannig gegn þeim lýðheilsuhagsmunum sem teflt er fram af hálfu heilbrigðisstétta og heilbrigðisyfirvalda.“ Lýðheilsu ber hér að skilja það líferni, sem forsjárhyggjumönnum á Alþingi þóknast og endurspeglast í ríkiseinokun og löggjöf um tolla og gjöld. (Tollar á áfengi er drjúg tekjulind ríkissjóðs.) Þessi skilningur endurómar einnig í skemmtilegum ráðleggingum landlæknis og sumra heilbrigðisstétta. Skemmtilegastar eru iðulega tískuráðleggingar næringarfræðinga og lækna. Svo dæmi séu tekin: Einu sinni var banvænt að leggja sér brauð til munns, en nú er það banvænt að eta minna en átta sneiðar. Einu sinni var lagt blátt bann við fituneyslu, en nú er öldin önnur. Þegar grannt er skoðað gildir enn hin forna speki: „Allt er best í hófi,“ og „meðalhófið mælist best.“ Næringar- og lýðheilsufræðingar hafa fátt skynsamlegra fram að færa. Hin forna speki gildir að sjálfsögu einnig um neyslu áfengis. Hinar og þessar rannsóknir lækna hafa ekki einungis ákveðið notagildi, heldur einnig skemmtanagildi, t.d. sú, að sælgætisneysla stuðli að langlífi, rétt eins og eitt staup á dag af lífsvatni (ákavíti (aqua vitae). Nú er talið, að rauðvín sé blóðaukandi og að kaffi andæfi oxun í blóði (samkvæmt reglunni; „allt er best í hófi). En hvort tveggja var talið banvænt fyrir nokkrum árum. Samkvæmt þessu er ekki útilokað, að áfengi yrði allra meina bót í framtíðinni.

Áhyggjur af heilsu barna og unglinga hafa einnig verið viðraðar í umræðunni. Óhófsneysla unglinga á fíkniefnum, þar á meðal áfengi, er vissulega áhyggjuæfni. Hvar liggur hundur grafinn, hvað veldur? Að mínum dómi vegur þyngst rótleysi og umkomuleysi unglinga, sem stafar af ónógu uppeldi og fræðslu

og ófullnægjandi andlegum og félagslegum aðbúnaði. Það vill svo til, að ríkisvaldið (hið opinbera) hefur að miklu leyti hrifsað til sín ábyrgð á uppeldi kynslóðanna eins og sölu áfengis með þeim árangri, sem raun ber vitni. Gæti verið hugmynd að endurskoða þetta fyrirkomulag? Kyrkingsleg verslunarhöft á sölu áfengis duga alla vega skammt til að breyta lífsumhverfi unga fólksins til góðs.